

Vátryggingafélag skal ekki fella úr gildi brunatryggingu, hvort heldur er vegna eigendaskipta eða af öðrum ástæðum, nema fyrir liggja staðfesting á að húseigandi hafi tekið nýja vátryggingu hjá öðru félagi. Sé um eigendaskipti að ræða, gengur vátrygging í gildi á afhendingardegi, sem tiltekinn er í kaupsamningi um húseign eða öðrum eignarheimildarskjölum. Séu liðnir meira en 14 dagar frá afhendingu eignar við skráningu eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna eða upplýsingar liggja ekki fyrir um afhendingardag, skal vátrygging taka gildi á skráningardegi eigendaskiptanna í Landskrá fasteigna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Póra M. Hjaltested.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, iðnaðarsvæði ofan Strandarvegar.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. desember 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að óbyggt svæði ofan Strandarvegar utan Skuldarlækjar verður iðnaðarsvæði og er ætlað fyrir spennistöð/aðveitustöð RARIK.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 10. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.